

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – maí 2026

Skráð atvinnuleysi í maí var 4,2%

Skráð atvinnuleysi í maí var 4,2% en var 4,6% í apríl. Í maí 2025 var atvinnuleysið hins vegar 3,7%.

Að meðaltali voru 8.831 atvinnulaus í maí, 5.251 karl og 3.580 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 554 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 6,5% og minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,5%.

Alls komu inn 272 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í maí.


Atvinnulausir voru 9.076 í lok maí, 5.338 karlar og 3.738 konur.

Í maí 2026 gaf Vinnumálastofnun út 220 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 181 á höfuðborgarsvæðinu.

Í maí voru 307 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari lækkandi í júní og verði um 3,9-4,0%.

Próun atvinnuleysis frá maí 2024 til maí 2026



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði milli mánaða og var 4,2% á landinu sem heild. Atvinnuleysi lækkaði minnst á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,2%. Atvinnuleysi lækkaði á öllum stöðum á landsbyggðinni en heilt yfir um 0,6%.


Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum þriðja mánuðinn í röð og fór úr 7,5% í 6,5%.

Atvinnuleysi var 4,6% á höfuðborgarsvæðinu í maí mánuði og 3,6% að meðaltali á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,5%.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í apríl og maí.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í maí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Atvinnuleysi eftir landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.076 í lok maí, 5.338 karlar og 3.738 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 359 frá lokum apríl og atvinnulausum konum fækkaði um 260.

Alls voru 2.336 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok maí og fækkaði um 231 frá lokum apríl.

Alls höfðu 1.736 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí. Í apríl 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.506 og nemur fjölgunin 230 á milli ára.


Peir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 2.216 í maí síðastliðnum en voru 1.996 í maí 2025.

Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í maí og á flestum svæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 3,0% meðal karla en 2,0% hjá konum. Á Suðurnesjum var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 6,6% en 6,4% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 5,0% en 4,1% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 3,7% en 3,4% hjá konum.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði áfram heilt yfir í maí. Mest var breytingin í ferðapjónustu þar sem fækkaði um 97 og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 86. Almennt fækkaði atvinnulausum milli mánaða í flestum atvinnugreinum.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 5.046 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok maí og fækkaði um 401 frá því í lok apríl. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 56% í lok maí.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi var 8,7% í maí samanborið við 2,6% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok maí 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.977 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í maí 2026 gaf Vinnumálastofnun út 220 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 181 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 109 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 111 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2026



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 102, 37 vegna fjölskyldusameininga og jafn margir vegna sérfræðiþekkingar. Þá fengu 33 einstaklingar leyfi vegna skorts á vinnuafli.


Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna þjónustustarfa eða 36%, 27% vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 20% vegna verkafólks. Um 17% voru í öðrum starfsgreinum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í maí voru gefin út 157 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 94 einstaklingar, 10 fóru til Litáen og 9 til Rúmeníu. 7 fóru til Lettlands og 6 til Grikklands. Þá voru gefin út 31 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2026




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 272 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 233 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 59% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Suðurlandi og 8% á Suðurnesjum. Þá voru tæplega 18% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í maí 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í maí voru 307 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 176 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.